

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. apríl 2001 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,70 kr. á lítra
gasolía	0,80 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,80 kr. á kg
flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 27. mars 2001.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

22. febrúar 2001

Nr. 265

REGLUR

Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar um meðferð og úrlausn fjarskipta- og póstmála.

1. gr.

Markmið.

Reglur þessar eru settar af Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun. Markmið reglnanna er að veita leiðbeiningar um meðferð og úrlausn mála sem fallið geta bæði innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga, og að vinna gegn hugsanlegri óvissu um valdmörk og lög-sögu stofnananna.

2. gr.

Starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir í lögum nr. 110/1999 og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla. Stofnunin skal stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir ólöglega viðskiptahætti í póst- og fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta. Stofnunin skal taka til meðferðar mál sem upp koma vegna starfsemi fjarskipta fyrirtækja, póstrekenda og rekstrarleyfishafa.

3. gr.

Starfsemi samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun annast daglega stjórnslu á sviði samkeppnislaga nr. 8/1993. Hlutverk samkeppnisráðs er sem hér segir: